

Fundargerð auka-aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn í skólamiðstöðinni á Fáskrúðsfirði mánudaginn 19.apríl 2010

Björn Hafþór Guðmundsson formaður SSA setti fundinn kl.14:00.

Ég býð alla viðstadda velkomna á aukaaðalfund SSA, sem nú er að hefjast. Ekki er hefð fyrir fundum sem þessum á okkar starfsvettvangi, en ákveðið var í einni af samþykktum aðalfundar SSA haustið 2009, að halda hann á vordögum með hliðsjón af þeim verkefnum, sem eru nú á okkar borðum.

Þessi fundur verður ekki langur, en ef að líkum lætur vinnusamur. Mun hann eftir því sem verkast vill vísa frekari verkefnum á sviði innra og ytra skipulags á vettvangi SSA til stjórnarinnar og fela henni að fullmóta tillögur sem mest fram að hefðbundnum aðalfundi á hausti komanda. Á þeim fundi er talið eðlilegt að marka hina endanlegu stefnu að svo miklu leyti sem okkur og ýmsum stoðstofnunum, er gegna í dag ákveðnu hlutverki, tekst að snúa bókum saman í því skyni að gera allt starf í þágu íbúa svæðisins markvissara og nýta samhliða betur fjármagn og sérhæfða starfskrafta. Ljóst er að umtalsverð endurnýjun verður á skipan sveitarstjórna eftir kosningarnar í næsta mánuði og því er eðlilegt að samstarfsvettvangur okkar með fullri þátttöku þeirra, er erfa munu landið tímabundið, ákveði kúrsinn í september 2010 með það að markmiði að hið nýja fyrirkomulag taki gildi 1. jan. 2011.

Á fundinum hér á eftir verður fyrst gerð grein fyrir stöðu tveggja verkefna, sem sérstakir vinnuhópar hafa unnið að undanfarna mánuði. Annars vegar er um að ræða fyrirkomulag samstarfs SSA við stoðstofnanir á starfsvæðinu. Framsaga um fyrirbyggjandi niðurstöður þess hóps verður einkum í höndum Bjargar Ágústsdóttur, sem unnið hefur með honum og lagði reyndar sitt af mörkum í ítarlegri áfangaskýrslu haustið 2009. Svo kann að vera að sitt sýnist hverjum, þegar tillögur hópsins fá umfjöllun hér á eftir; ... að ýmist sé of skammt eða of langt gengið, já eða við ekki á réttri leið hvað varðar þá heildarmynd, sem dregin er upp í tillögum þeim, er hér liggja fyrir.

Á þetta verður að láta reyna, en menn verða að hafa í huga að í tillögum sérstakrar nefndar á vegum ráðuneytis sveitarstjórnarmála, sem hún skilaði sumarið 2009 var beinlínis gert ráð fyrir veigamiklu hlutverki landshlutasamt. sveitarfélaga. Í raun verður ekki annað skilið – að svo miklu leyti sem henda má reiður á því hvað er stundum að gerast hjá landsfeðrum vorum – að landshlutasamtökunum sé ætlað að taka yfir nokkur af þeim verkefnum, er fram til þessa hafa verið á borðum opinberra stofnana á vegum ríkisins. Þar með yrði komin á enn beinni tenging milli SSA og ýmissa þeirra stoðstofnana, sem hafa tekið þátt í verkefninu með okkur síðustu mánuðina. Vil ég þakka forsvars-mönnum þeirra fyrir mikla þátttöku í verkefninu og framlag þeirra að velta upp hugmyndum til að byggja á. Vísa ég að öðru leyti til tillagna þeirra sem hér verða kynntar á eftir og minni á að forsvarsmenn stoðstofnana eiga þess kost að taka þátt í nefndastarfinu á fundinum og tjá sig undir almennum umræðum.

Hitt verkefnið, sem hér verður kynnt í byrjun, varðar yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaganna og viðtöku þessa yfirgrípsmikla málaflokks frá ríkinu. Það verkefni er meira sjálfgefið, þar sem fyrir liggur ákvörðun ríkisvaldsins að sveitarfélögin taki yfir þennan málaflokk. Til að undirbúa verkefnið var ákveðið að skipa sérstaka nefnd og var hlutverk hennar að gera tillögu til sveitarfélaga á Austurlandi um þjónustusvæði, markmið og samþættingu þjónustunnar og vinna kostnaðargreiningu. Framsögumenn undir þeim lið verða Soffía Lárusdóttir og Hildur Ýr Gísladóttir.

Ekki má gleyma, að síðasti aðalfundur fól okkur að móta hugmyndir á grundvelli samþykkar að vinna skyldi að því að **Austurland** yrði í fyllingu tímans **eitt sveitarfélag**. Mun Þorvaldur Jóhannsson, frkvstj. SSA gera grein fyrir stöðu mála undir lok þessa fundar. Einnig mun Hafliði H. Hafliðason, frkvstj. ÞFA kynna verkefnið „**Sóknaráætlun landshluta**“.

Góðir tilheyrendur !

Undanfarið höfum við Íslendingar fengið beint í æð upplýsingar upp á nokkur þúsund blaðsíður um óútreiknanleika mannssálarinnar. Samhliða því hafa náttúruöflin minnt hressilega á sig. Einhvern tímann hefðu verið rifjuð upp hin spakvitru orð „**Hverju reiddust goðin**“ Við stöndum berlega frammi fyrir því að verða að álykta að með fjöregg okkar hafi hin síðustu misserin höndlað fleiri skúrkar en hetjur. Stundum upplifir maður reyndar að stutt sé á milli þess að vera skúrkur og hetja eins og gildir um þann sem nú vermir æðsta valdastól landsins og gerir sig nokkuð breiðan þar og þaðan að margra mati.

Annar þjóðhöfðingi, sem þar hefur setið og reynt að gera valdastólinn að meiri friðarstóli, þ.e. forveri núverandi forseta, er þessa dagana hafin til skýjanna og tekin í dýrlingatölu. Vill þá gleymast, að það var sá forseti, sem fékk fjölda áskorana um að stimpla ekki vegabréfið í upphafi ferðalags íslenzku þjóðarinnar inn á evrópskar grundir forðum daga, en ákvað að halda sig við hefðirnar. Þar með var komið í veg fyrir að þjóðin sjálf fengi að bera ábyrgð á því að hinn evrópski efnahagssamningur yrði, þegar upp var staðið, það haldreipi, er græðgisvæðingin þreifst einkum á.

Góðir fundarmenn !

Um leið og ég segi þennan aukaaðalfund settan tilkynni ég að stjórn SSA hefur ákveðið að Steinþór Pétursson verði fundarstjóri þessa fundar og Gunnlaugur Sverrisson annist fundarritun.

Gengið var til boðaðrar dagskrár.

Í kjörbréfanefnd voru skipuð þau Anna Pála Víglundsdóttir Vopnafirði, Íris Valsdóttir Fjarðabyggð og Páll Baldursson Breiðdalsvík.

1. Framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga í SSA

Framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga og stoðstofnana á Austurlandi. - Greinargerð og tillögur stýrihóps á vegum SSA dagsettar 10.apríl 2010.

Björg Ágústsdóttir ráðgjafi Alta.

Björg fór stuttlega yfir feril málsins, vinnu stýrihópsins og gerði ítarlega grein fyrir tillögu sem liggur fyrir fundinum.

Stýrihópin skipuðu Björn Hafþór Guðmundsson, Eiríkur Bj. Björgvinsson og Smári Geirsson auk þess sem Þorvaldur Jóhannsson starfaði með hópnum.

Lögð fram tillaga stjórnar SSA til aukaaðalfundar SSA 19. apríl 2010 sem samþykkt var samhljóða á stjórnarfundi SSA 12.apríl 2010.

„Aukaaðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, haldinn á Fáskrúðsfirði 19. apríl 2010, lýsir yfir stuðningi við tillögur stýrihóps, sem fram koma í skýrslu hans í kafla nr. 7 og þær hugmyndir, sem þar koma fram. Fundurinn felur stjórn SSA að vinna áfram að

framgangi þeirra í samráði við hlutaðeigandi stoðstofnanir á Austurlandi fram að 44. aðalfundi SSA í september mánuði nk. Haft verði að markmiði að eigi síðar en fyrir aðalfundinn verði tekin endanleg ákvörðun um nýjan samstarfsvettvang þeirra stofnana, er endanlega verða hluti af þeirri heild, sem tillögur stýrihópsins gera ráð fyrir, þegar tillögur hans hafa verið útfærðar og um þær náðst samstaða. Stefnt verði að því að nýtt stjórnskipurit taki gildi um nk. áramót“ - Tillaga 1.

Greinargerð:

Tillögunni fylgir greinargerð og tillögur (7. kafli) stýrihópsins frá 10. apríl sl.
“Framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga og stoðstofnana á Austurlandi”

Greinargerðin og tillögur stýrihópsins hafa verið settar inn á vinnu og upplýsingavef verkefnisins www.alta.is/stodstofnanir

Björn Hafþór þakkaði samstarfið í starfshópnum.

2. Tilfærsla þjónustu við fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga

Soffía Lárusdóttir framkvæmdastjóri Saust og Hildur Ýr Gísladóttir félagsmálafulltrúi fjölluðu m.a. um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga, undirbúning, myndun þjónustusvæðis, reynslu annarra sveitarfélaga og þá vinnu sem fram hefur farið á Austurlandi.

Starfshóp SSA um tilfærslu þjónustu fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga skipuðu þau Eiríkur Bj. Björgvinsson, Gunnþórunn Ingólfisdóttir, Hildur Ýr Gísladóttir, Ólafur Hr. Sigurðsson og Soffía Lárusdóttir auk þess sem Þorvaldur Jóhannsson starfaði með hópnum.

Undirbúningshópur SSA að yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga leggur svohljóðandi tillögu fyrir aukaaðalfund SSA þann 19.apríl 2010.

„Aukaaðalfundur SSA haldinn á Fáskrúðsfirði þann 19. apríl 2010, samþykkir að myndað verði eitt byggðasamlag fyrir Austurland vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga í fjórðungnum. Byggðasamlagið verði með dreifðri þjónustu á svæðinu“
Tillaga 2.

Byggðasamlag með dreifðri þjónustu felur í sér að sveitarfélög gera samning um þjónustusvæði (núverandi tvö félagsþjónustusvæði á Austurlandi) og myndun byggðasamlags. Hlutverk byggðasamlagsins takmarkast við gerð og eftirfylgni þjónustusamninga við aðildarsveitarfélög sem sjá þá um að veita íbúum sínum þjónustu.
(sjá skýrslu Verkefnisstjórnar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála)

„Aukaaðalfundur SSA haldinn á Fáskrúðsfirði þann 19. apríl 2010, samþykkir jafnframt að strax verði hafinn undirbúningur að aðkomu Skólaskrifstofu Austurlands og hluta af starfsemi HSA að verkefninu þannig að betri samræming fái í velferðarþjónustu sveitarfélaga á Austurlandi“ - Tillaga 3.

Fylgigögn með tillögu:

A: Viljayfirlýsing ríkis og sveitarfélaga 13.mars 2009 - Viðauki 1 og 2.

B: Frá verkefnisstjórn ríkis og sveitarfélaga :

B.1. Tilfærsla þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga .

B.2. Undirbúningur sveitarfélaga og myndun þjónustusvæðis.

C: Frá starfshópi SSA - Staða undirbúnings á Austurlandi 14. apríl 2010.

3. Tveir vinnuhópar

3.a. Framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga í SSA

Fulltrúar: Valdimar O. Hermannsson, Helga Jónsdóttir, Guðmundur Þorgrímsson, Þorbergur Hauksson, Smári Geirsson, Guðrún Anna Guðnadóttir, Páll Baldursson, Aðalbjörn Björnsson, Guðmundur Valur Gunnarsson, Dána Mjöll Sveinsdóttir, Katrín Reynisdóttir, Gísli Briem, Gunnar Jónsson, Jónas Guðmundsson, Andrés Skúlason og Eiríkur Bj. Björgvinsson.

Gestir: Ásta Þorleifsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Signý Ormarsdóttir, Hafliði H. Hafliðason, Auður Anna Ingólfssdóttir og Jón Þórðarson.

3.b. Tilfærsla þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga

Fulltrúar: Ólafur Hr. Sigurðsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Íris Valsdóttir, Ævar Ármannsson, Anna Pála Víglundssdóttir, Jakob Sigurðsson, Sigrún Birna Björnsdóttir, Cecil Haraldsson, Guðmundur R. Gíslason, Jón Björn Hákonarson, Gunnhildur Ingvarssdóttir, Soffía S. Sigurjónssdóttir, Árni Ólason, Björn Ármann Ólafsson, Þráinn Lárusson, Baldur Pálsson og Soffía Lárusssdóttir.

Gestir: Stefán Bogi Sveinsson og Björn Hafþór Guðmundsson

4. Afgreiðsla kjörbréfanefndar

Mættir eru 35 af 37 fulltrúum sem atkvæðisrétt hafa á fundinum.

Vopnafjörður 3 fulltrúar:

Aðalbjörn Björnsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Anna Pála Víglundssdóttir.

Borgarfjörður eystri 1 fulltrúi:

Jakob Sigurðsson.

Fljótssdalshreppur 1 fulltrúi:

Gunnþórunn Ingólfssdóttir.

Seyðisfjarðakaupstaður 3 fulltrúar:

Katrín Reynissdóttir, Ólafur Hr. Sigurðsson og Cecil Haraldsson.

Fljótssdalshérað 11 fulltrúar (þar af 10 mættir):

Soffía Lárusssdóttir, Þráinn Lárusson, Baldur Pálsson, Árni Ólason, Björn Ármann Ólafsson, Gunnar Jónsson, Eiríkur Bj. Björgvinsson, Jónas Guðmundsson, Gunnhildur Ingvarssdóttir og Soffía S. Sigurjónssdóttir.

Fjarðabyggð 14 fulltrúar:

Guðmundur R. Gíslason, Sigrún Birna Björnsdóttir, Dána Mjöll Sveinsdóttir, Smári Geirsson, Íris Valsdóttir, Ævar Ármannsson, Guðmundur Þorgrímsson, Þorbergur Hauksson, Líneik Anna Sævarssdóttir, Jón Björn Hákonarson, Valdimar O. Hermannsson, Steinþór Pétursson, Helga Jónssdóttir og Gísli Briem.

Breiðdalshreppur 2 fulltrúar (1 fulltrúi mættur):

Páll Baldursson.

Djúpavogur 2 fulltrúar:

Andrés Skúlason og Guðmundur Valur Gunnarsson.

Í kjörbréfanefnd sátu Anna Pála Víglundssdóttir, Íris Valsdóttir og Páll Baldursson.

5. Tillögur frá vinnuhópum

- 5.1. Valdimar O. Hermannsson gerði grein fyrir vinnu vinnuhóps um framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga í SSA. Lesnar voru upp þær vangaveltur sem komu frá hópnum.

Tillaga 1 borin upp og samþykkt samhljóða.

- 5.2. Hildur Ýr Gísladóttir gerði grein fyrir vinnu vinnuhóps um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.

Tillaga 2 borin upp og samþykkt samhljóða.

Hópurinn leggur til breytingartillögu vegna tillögu 3.

„Aukaaðalfundur SSA haldinn á Fáskrúðsfirði þann 19. apríl 2010, samþykkir að strax verði hafinn undirbúningur að aðkomu Skólaskrifstofu Austurlands og jafnframt verði leitað eftir samstarfi við HSA um að koma að verkefninu þannig að betri samræming fái í velferðarþjónustu sveitarfélaga á Austurlandi“ - Tillaga 4.

Tillaga 4 borin upp og samþykkt samhljóða.

Björn Hafþór ítrekaði að framkvæmd tillögu 1 verði unnin á borðum SSA.

6. Kynning á stöðu verkefna

6.1. Austurland eitt sveitarfélag

Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri SSA.

Þorvaldur fór yfir stöðu verkefnisins.

6.2. Sóknaráætlun landshluta 20/20

Hafliði H. Hafliðason framkvæmdastjóri Þróunarfélags Austurlands.

Hafliði fór yfir sóknaráætlun Austurlands.

Kynningar landshluta eru aðgengilegar á www.island.is

Framkvæmdastjóri SSA þakkaði sveitarstjórn Fjarðabyggðar fyrir góða fundaraðstöðu og veitingar og starfsmönnum, þ.e fundarstjóra og ritara, fyrir sköruleg og vel unnin störf. Hann tilkynnti að stjórn SSA hafi samþykkt á fundi sínum 12. apríl sl. að aðalfundur SSA á Breiðdalsvík 2010 verði föstudag og laugardag 24. og 25. september. Sleit hann síðan fundi kl. 16.53.